



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Samstarfsyfirlýsing um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og félags- og jafnréttismálaráðherra eru einhuga um að vinna saman gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og afleiðingum þess. Yfirlýsing þessi byggir á samstarfsyfirlýsingu frá árinu 2014 sem undirrituð var af fyrrum félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra.

Stýrihópur um aðgerðir gegn ofbeldi, skipaður fulltrúum ráðuneytanna þriggja undir forystu velferðarráðuneytis, hefur síðustu misseri unnið, samkvæmt yfirlýsingunni frá 2014, að landssamráði, svæðisbundnu samráði og aðgerðaáætlun. Áætlunin tekur til þeirra þátta sem samstarfsyfirlýsingin kveður á um og byggir á þremur þáttum: *Vakningu*, sem felur í sér forvarnir og fræðslu; *viðbrögðum*, sem eru verklag og málsmeðferð, og *valdeflingu*, sem er styrking í kjölfar ofbeldis.

Ráðherrarnir eru sammála um að halda verkefninu áfram með áherslu á samráð á landsvísu milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákærvalds, í því skyni að efla aðgerðir gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Samstarfinu er einkum ætlað að ná til ofbeldis gegn börnum, ofbeldis í nánum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis og ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Einnig telst hatursfull orðræða, sem hvetur til ofbeldis eða annarrar refsiverðrar háttsemi sem er lítillækkandi eða ógnandi í garð einstaklinga eða hópa fólks, til ofbeldis sem yfirlýsing þessi tekur til.

Lögð verður áhersla á að bæta verklag og samvinnu allra sem geta tekið þátt í að draga úr ofbeldi meðal annars með því að efla forvarnir og fræðslu meðal barna, ungmenna og fólks sem vinnur með þeim, hjá réttarvörslukerfinu og meðal almennings; að efla hæfni lögreglu við uppljóstrun ofbeldisbrota og auka þjálfun og menntun innan réttarvörslukerfisins til þess að taka á ofbeldismálum; og að efla velferðarþjónustuna til að veita þolendum uppbyggilegan stuðning og vernd.

Áfram verður unnið að svæðisbundnu samráði milli félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðiskerfisins, lögreglu, skóla- og frístundasamfélagsins, réttindagæslumanna fatlaðs fólks og fleiri aðila. Ráðherrarnir eru einhuga um að aðgerða sé þörf til þess að skapa megi friðsælt og öruggt samfélag.

Reykjavík, 24. mars 2017

Kristján Þór Júlíusson
mennta- og menningarmálaráðherra

Óttarr Proppé
heilbrigðisráðherra

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra

Þorsteinn Víglundsson
félags- og jafnréttismálaráðherra